

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvisitölu eftir 1. júní 1975, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar og 13% verðjöfnunargjald, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtum D.1, D.3 og D.5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 174 11. apríl 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 9. september 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

7. ágúst 1975.

Nr. 402.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð til rannsókna í dulsálarfræði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. ágúst 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð til rannsókna í dulsálarfræði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður til rannsókna í dulsálarfræði.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af dr. Erlendi Haraldssyni lektor, séra Jóni Auðuns, fyrrverandi dómprófasti og dr. Símoni Jóhannesi Ágústssyni fyrrverandi prófessor.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja rannsóknir í dulsálarfræði við Háskóla Íslands samkvæmt nánari ákvörðun sjóðstjórnar. Heimilt er í þessu skyni að ráðstafa

tekjum sjóðsins eins og þær eru á hverjum tíma. Óheimilt er að breyta markmiði sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirtöldum mönnum: Dr. Erlendi Haraldssyni, séra Jóni Auðuns og dr. Símoni Jóhannesi Ágústssyni. Formaður sjóðstjórnar er dr. Erlendur Haraldsson. Er sæti stjórnarmanns losnar skulu hinir tveir stjórnarmeðlimir skipa nýjan stjórnarmann.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

9. gr.

Verði sjóðurinn leystur upp skal fjármunum hans varið til dulsalarfraeðirannsóknna við Háskóla Íslands. Óheimilt er að breyta þessu ákvæði.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum,
nr. 410 27. desember 1973.

1. gr.

Ákvæði reglugerðarinnar að því er varðar Ísafjarðarkaupstað orðist þannig:

Ísafjörður:

Vestfjarðavegur (60) frá Engi um Seljalandsveg, Bæjarbrekku, Túngötu og Fjarðarstræti að ristarhliði nyrst í bænum ásamt álmu um Hafnarstræti og Aðalstræti að bátabryggju.

Í Hnífsdalsbyggð: Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum Dalbrautar um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör svo langt sem sjóvarnargarður nær (um 200 m).

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 66 14. júlí 1975, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.